

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2023

Mál nr. E-1611/2022:

**Jóna Sigríður Einarsdóttir**

(Gísli Guðni Hall lögmaður)

**gegn**

**Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins**

(Þórey Sigríður Þórðardóttir lögmaður)

**og**

**Isavia ANS ehf.**

(Stefán Geir Þórisson lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 9. mars 2023, var höfðað með stefnu birtri 31. mars 2022. Stefnandi er Jóna Sigríður Einarsdóttir, [...]. Stefnu eru Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Engjateigi 11, Reykjavík, og Isavia ANS ehf., Reykjavíkflugvelli, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði með dómi aðild hennar að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins vegna starfs hennar sem flugumferðarstjóra hjá Isavia ANS ehf., miðað við 100% starfshlutfall frá og með 1. júní 2011. Stefnandi krefst einnig málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins með tilliti til skyldu hennar til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Stefndi Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar.

Stefndi Isavia ANS ehf. gerir ekki athugasemdir við kröfugerð stefnanda aðrar en þær að félagið krefst sýknu af kröfu stefnanda um málskostnað og krefst málskostnaðar sér til handa.

## I

Stefnandi starfar sem flugumferðarstjóri og er félagi í Félagi íslenskra flugumferðastjóra. Stefnandi hóf störf hjá Flugmálastjórn Íslands á árinu 1987 og starfaði þar til ársloka 2006, þegar staða hennar var lögð niður og færð yfir til nýs opinbers félags, Flugstoða ohf., sem tók yfir flugumferðarþjónustu sem Flugmálastjórn Íslands hafði haft með höndum.

Þegar stefnandi starfaði hjá flugmálastjórn var hún ríkisstarfsmaður og sjóðfélagi í B-deild stefnda, Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Gerðar voru umtalsverðar

breytingar á stefnda, LSR, með lögum nr. 141/1996. Stofnuð var ný deild, A-deild, og eldra kerfi, B-deild sjóðsins, var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum og launagreiðendum. Lög um stefnda, LSR, voru síðar endurútgefin sem lög um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997.

Í aðdraganda yfirfærslu flugumferðarþjónustu frá Flugmálastjórn Íslands til Flugstoða ohf. sendu stofnunin og hið opinbera félag upplýsingabréf 29. nóvember 2006 til þeirra starfsmanna sem fyrirhugað var að flyttust yfir til Flugstoða ohf. samhliða verkefnum tengdum flugumferðarþjónustu.

Í upplýsingabréfinu kemur fram að starfsmönnum hafi verið sent bréf í ágúst 2006 þar sem tilkynnt hefði verið um breytinguna sem tæki gildi 31. desember 2006. Þar hafi jafnframt komið fram að starf viðkomandi starfsmanns yrði lagt niður hjá stofnuninni frá þeim degi. Samhliða því hefðu Flugstoðir ohf. sent starfsmönnum bréf og boðið þeim starf frá og með 1. janúar 2007. Í bréfi Flugstoða ohf. hafi jafnframt komið fram að engar breytingar yrðu gerðar á verksviði og starfsstöðvum einstakra starfsmanna. Þar sem hið opinbera félag myndi yfirtaka ráðningarsamninga starfsmanna yrðu launakjör áfram samkvæmt gildandi kjarasamningum.

Í framangreindu upplýsingabréfi frá 29. nóvember 2006 segir að flugmálastjórn og Flugstoðir ohf. ítreki það sem hafi komið fram í fyrri bréfum vegna yfirfærslunnar, að starfsmenn muni halda störfum sínum með umsömdum ráðningarkjörum í samræmi við ákvæði þágildandi laga um aðilaskipti að fyrirtækjum. Þá segir í upplýsingabréfinu að samkvæmt lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eigi þeir starfsmenn sem voru ráðnir fyrir 1. júlí 1996 og þáðu störf hjá Flugstoðum ohf. ekki sjálfkrafa rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild LSR. Slík aðild hafi hins vegar verið tryggð starfsmönnum sem það kjósi með framangreindri tilkynningu um niðurlagningu starfa og boði um nýtt starf.

Flugstoðir ohf. gáfu einnig út yfirlýsingu 29. nóvember 2006 um viðurkenningu á réttarstöðu starfsmannanna hvað varðaði biðlaunarétt og uppsagnarvernd, eins og gildi hjá opinberum starfsmönnum.

Félag íslenskra flugumferðastjóra og Flugstoðir ohf. gerðu með sér samkomulag 3. janúar 2007 um lífeyrismál starfsmanna vegna yfirfærslunnar. Þriðja og fjórða ákvæði samkomulagsins lýtur að réttindum félagsmanna Félags íslenskra flugumferðastjóra sem voru sjóðfélagar í B-deild stefnda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Ákvæðin eru svohljóðandi:

3. Flugstoðir ohf. munu tryggja að ekki verði skerðing á lífeyristryggingu þeirra félagsmanna FÍF, sem greiða í B-deild LSR, vegna launahækkana umfram viðmiðunarhækkun LSR fyrir þá sem eiga einstaklingsbundna aðild að sjóðnum, samanborið við iðgjaldagrunn B-deildar LSR miðað við venjulega

aðild. Þetta verður gert með því að reikna út einstaklingsbundið hvort um slíka skerðingu sé að ræða. Ákvæði varðandi leiðréttingu á skerðingu munu verða í ráðningarsamningum þeirra flugumferðarstjóra sem eru í B-deild LSR og ráða sig til Flugstoða ohf. Leiðrétting skal gerð í samræmi við eftirfarandi ákvæði, 4.

4. FÍF og Flugstoðir ohf. mun tilnefna hvor sinn sérfræðinginn sem sameiginlega reikna árlega út hvort og þá hver skerðing sbr. 3. gr. verði miðað við starfslok hvers og eins starfsmanns, en Flugstoðir ohf. munu bæta umrædda skerðingu, ef einhver er, með framlagi í sérstakan séreignarsjóð starfsmannsins, ef inneign í sjóðnum dugar ekki til að bæta skerðinguna. Uppgjör fari fram fyrir 1. mars ár hvert fyrir undanfarandi ár fyrst 2008. Við útreikning skal taka mið af tryggingafræðilegum forsendum B-deildar LSR, eins og þær eru hverju sinni. Starfslokaaldur skal miðast við 95 ára reglu LSR, þó ekki hærri en 63 ára aldur, en eftir starfslokaaldurinn kemur ekki til frekari greiðslna í séreignarsjóðinn. Miða skal við heildarréttindi viðkomandi í B-deild LSR. Verði tilnefndir sérfræðingar, sbr. og 1. gr., ekki sammála um niðurstöðuna getur hvor aðili um sig óskað eftir útnefningu oddamanns af Héraðsdómi Reykjavíkur. Skal oddamaður ákveða hvor aðili beri kostnað af vinnu hans.

Í niðurlagi samkomulagsins kemur jafnframt fram að þar með geti stjórn félagsins mælt með því við félagsmenn sína að þeir ráði sig til starfa hjá Flugstoðum ohf. sem muni bjóða öllum meðlimum félagsins sem þess óska sama starf og þeir gegndu hjá Flugmálastjórn 31. desember 2006.

Stefnandi þáði boð Flugstoða ohf. um áframhaldandi starf og þar starfaði hún sem flugumferðarstjóri þar til starf hennar var flutt til nýs opinbers félags, Isavia ohf. Hið nýja opinbera félag var stofnað árið 2010, meðal annars til að taka yfir rekstur Flugstoða ohf. Á árinu 2021 var Isavia ohf. skipt upp í þrjú félög, Isavia ohf., Isavia innanlandsflugvelli ehf. og Isavia ANS ehf. Er Isavia ohf. móðurfélag hinna félaganna tveggja. Við breytinguna fluttist starf stefnanda til stefnda Isavia ANS ehf., sem sinnir alþjóðlegri flugumferðarstjórn og starfar stefnandi þar nú sem flugumferðarstjóri.

Þegar starf stefnanda fluttist á sínum tíma yfir til Isavia ohf. var gerður skriflegur ráðningarsamningur 1. júní 2011 á milli stefnanda og Isavia ohf. Fram kemur í ráðningarsamningnum að framangreint samkomulag stjórnar Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Flugstoða ohf. frá 3. janúar 2007, þar með talið samkomulag um lífeyrisréttindi, sé hluti af ráðningarsamningnum.

Þegar starf stefnanda færðist frá Flugmálastofnun yfir til Flugstoða ohf. var hún í 65% starfshlutfalli. Er stefnandi gerði framangreindan ráðningarsamning við Isavia ohf. jók hún starfshlutfall sitt í 100% og hefur starfað í því hlutfalli síðan. Eftir að

starfshlutfall stefnanda hækkaði var hins vegar haldið áfram að greiða iðgjöld af launum hennar eins og hún væri ennþá í 65% starfshlutfalli en ekki 100%. Aðilar málsins eru sammála um að þetta beri að leiðrétta með greiðslu þess sem upp á vantar en greinir hins vegar á um það hvort þá greiðslu eigi að greiða í B-deild hins stefnda lífeyrissjóðs, eins og stefnandi heldur fram, eða í A-deild sjóðsins, eins og stefndu hafa haldið fram.

Lögmaður stefnanda leitaði upplýsinga hjá hinum stefnda lífeyrissjóði með tölvupósti 17. nóvember 2018 um framkvæmd B-deildar sjóðsins í tilvikum sem þessu. Sneri spurningin að því hvort starfsmaður, sem hefði aukið starfshlutfall sitt eftir að B-deildinni var lokað, ætti rétt á því að greiða til B-deildar í samræmi við nýtt starfshlutfall, eða hvort aukið starfshlutfall yrði meðhöndlað eins og um nýtt starf væri að ræða þannig að starfsmaðurinn yrði að greiða iðgjöld af hinu aukna starfshlutfalli í A-deildina, eftir atvikum í annan lífeyrissjóð.

Svar barst daginn eftir, 18. nóvember 2020, í tölvupósti frá Eyrúnu Oddsdóttur, sérfræðingi á lífeyrissviði hins stefnda lífeyrissjóðs. Í svari starfsmannsins kemur fram að hafi starfshlutfall sjóðfélaga í B-deild verið óslitið, eða ekki farið undir 50% í lengri tíma en tólf mánuði, sé heimilt að halda áfram að greiða í B-deild í samræmi við aukið starfshlutfall.

Lögmaður stefnanda kynnti núverandi vinnuveitanda stefnanda, stefnda Isavia ANS ehf., framangreint svar. Stefndi Isavia ANS ehf. leitaði nánari skýringa hjá hinum stefnda lífeyrissjóði og fékk svar 22. desember 2020 frá Guðfinnu Oddsdóttur, deildarstjóra iðgjaldadeildar. Í svari hennar kom fram að ekki væri heimild fyrir því að breyta forsendum einstaklingsaðildar til hækkunar og því yrði að greiða af starfshlutfalli umfram 65% í A-deild lífeyrissjóðsins eða í annan lífeyrissjóð.

Stefnandi sættir sig ekki við þá niðurstöðu og hefur höfðað þetta mál þar sem aðilum hefur ekki tekist að jafna ágreining sinn.

## II

### *1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Krafa stefnanda lýtur að því að fá viðurkennt að hún eigi rétt til sjóðfélagsaðildar að B-deild hins stefnda lífeyrissjóðs miðað við 100% starfshlutfall frá og með 1. júní 2011. Stefnandi kveður engan ágreining vera um rétt hennar til aðildar að B-deild hins stefnda lífeyrissjóðs á grundvelli 65% starfshlutfalls heldur snúist deilan um það hvort hún megi einnig greiða þangað iðgjald af aukningu starfshlutfalls hennar upp í 100% frá og með framangreindum degi. Um þetta sé ágreiningur við stefnda Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins en vinnuveitandi stefnanda, stefndi Isavia ANS ehf., telji málið snúast um afstöðu hins stefnda lífeyrissjóðs.

Stefnandi telur þó varlegra að stefna Isavia ANS ehf. við hlið Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og þannig gefa hinu stefnda félagi kost á að gæta sinna hagsmuna.

Það varði enda vinnuveitanda stefnanda fjárhagslega hvort fallist verði á kröfu hennar. Að auki sé krafa stefnanda meðal annars byggð á loforðum Flugstoða ohf. sem stefnandi telji bindandi fyrir stefnda Isavia ANS ehf. í dag.

Stefnandi telur það mega ráða af framangreindu svari Guðfinnu Oddsdóttur, starfsmanns stefnda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, að gerður sé greinarmunur á því hvort sjóðfélagi í B-deild lífeyrissjóðsins sem eykur starfshlutfall sitt sé í deildinni sem „venjulegur“ sjóðfélagi eða sé þar á grundvelli svohljóðandi 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997:

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld hvers sjóðfélaga eru á hverjum tíma. Iðgjöld skulu miðuð við þau laun er sjóðfélagi hafði er staða hans var lögð niður en iðgjaldsstofninn skal breytast í samræmi við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

Stefnandi kveður heimild sína til aðildar að B-deild hins stefnda lífeyrissjóðs, eftir að ríkisstofnunin sem hún starfaði hjá hafi verið hlutafélagavædd, vera byggða á þessu lagaákvæði auk þeirra loforða um lífeyrisréttindi starfsmanna sem komi fram í 3. og 4. ákvæði framangreinds samkomulags Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Flugstoða ohf. frá 3. janúar 2007.

Stefnandi byggir á því að engin heimild sé fyrir stefnda Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til að gera greinarmun á sjóðfélögum B-deildar lífeyrissjóðsins eftir því hvort aðild sé á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 eða annarra ákvæða sömu laga. Því beri hinum stefnda lífeyrissjóði að fylgja ríkjandi framkvæmd þegar sjóðfélagi eykur starfshlutfall sitt, eins og henni hafi verið lýst í framangreindum tölvupósti Eyrúnar Oddsdóttur, starfsmanns hins stefnda lífeyrissjóðs. Sú framkvæmd samrýmist lögum nr. 1/1997 og hafi að auki öðlast sjálfstætt gildi á grundvelli stjórnisýsluframkvæmdar.

Stefnandi vísar einnig til framangreinds samkomulags Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Flugstoða ohf. frá 3. janúar 2007, sem meðal annars fjalli um lífeyrisréttindi starfsmanna. Telur stefnandi að greinarmunur að framangreindu leyti væri ekki í samræmi við loforðin sem komi fram í 3. og 4. ákvæði samkomulagsins um rétt flugumferðarstjóra til áframhaldandi aðildar að B-deild hins stefnda lífeyrissjóðs. Stefnandi kveðst á sínum tíma hafa þegið boð Flugstoða ohf. um áframhaldandi starf sem flugstjóri á þessum grundvelli og haft réttmætar væntingar til þess að ef hún yki starfshlutfall sitt myndi hún njóta samsvarandi réttar og aðrir félagsmenn B-deildarinnar við sömu aðstöðu.

Þá vísar stefnandi til þess að í vinnurétti sé almennt ekki litið svo á að starfsmann sem hafi aukið starfshlutfall sitt beri að meðhöndla eins og hann sé í tveimur mismunandi

hlutastörfum. Telur stefnandi að til þess þyrfti sérstaka heimild í lögum eða í kjarasamningum.

## *2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.*

Stefndi vísar til þess að þegar starf stefnanda hjá Flugmálastjórn Íslands var lagt niður hafi hún hafið störf hjá nýjum launagreiðendum sem ekki hafi lagaheimild til að greiða fyrir starfsmenn sína í B-deild lífeyrissjóðsins. Stjórn stefnda hafi samþykkt umsókn stefnanda um áframhaldandi aðild að B-deild sjóðsins á grundvelli niðurlagningar á starfi samkvæmt heimild í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997.

Fyrir liggja að stefnandi hafi verið í 65% starfshlutfalli þegar starf hennar var lagt niður. Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 öðlist sjóðfélagi rétt til að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld í sama hlutfalli og heildariðgjöld eru á hverjum tíma. Þegar starf stefnanda hafi verið lagt niður hafi mánaðarlaun hennar, sem eru iðgjaldastofninn sem greitt var af til stefnda, verið 273.749 krónur. Laun stefnanda hafi síðan hækkað til samræmis við meðalbreytingar á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, eins og fram komi í umræddu lagaákvæði.

Stefndi vísar til þess að rétturinn til áframhaldandi aðildar sé sjóðfélagens og kallist því í daglegu tali „einstaklingsaðild“. Skuldbindingar vegna áframhaldandi greiðslna og réttindaávinnslu í sjóðinn falli á þann launagreiðanda sem hafi lagt niður starfið, í þessu tilviki Flugmálastjórn Íslands. Heimildin til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins slitni úr öllum tengslum við það hvort sjóðfélagi stundi launuð störf eða ekki. Síðari breytingar á starfshlutfalli sjóðfélaga hjá nýjum launagreiðanda hafi því enga þýðingu gagnvart heimildinni í umræddu ákvæði 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997.

Þá miðist aðild að B-deild sjóðsins og réttindaávinnsla ætíð við þær forsendur sem lágu fyrir við niðurlagningu starfs. Þótt sjóðfélagi kunni að semja við síðari launagreiðanda um að annast skil á gjöldum vegna einstaklingsaðildar að B-deild séu slíkir samningar ekki gerðir við stefnda. Iðgjaldaskil sem rekja megi til einstaklingsaðildar samkvæmt 2. mgr. 30. gr. framangreindra laga séu alfarið á ábyrgð sjóðfélagens enda sé aðildin ótengd því hvort viðkomandi stundi launað starf, eins og áður hafi komið fram.

Stefndi kveður svar starfsmanns til lögmanns stefnanda varðandi framkvæmdina þegar sjóðfélagi í B-deild breyti um starfshlutfall byggjast á því að viðkomandi sjóðfélagi sé í vinnu hjá launagreiðanda sem hafi heimild til að greiða fyrir sína starfsmenn í B-deild sjóðsins. Jafnframt að viðkomandi starfsmaður uppfylli lögbundin skilyrði, um að starfið hafi verið óslitið og ekki farið undir 50% í lengri tíma en 12 mánuði, sbr. ákvæði 4. og 5. gr. laga nr. 1/1997.

Það svar sem lögmaður stefnanda hafi fengið sé því ekki byggt á sérreglu 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 sem heimili einstaklingum sem þess óska áframhaldandi aðild

vegna niðurlagningar á starfi, þótt þeir starfi ekki lengur hjá ríki eða öðrum laungreiðendum sem hafi heimild til að greiða til B-deildar.

Stefndi áréttar að rétturinn til áframhaldandi ávinnslu réttinda í B-deild lífeyrissjóðsins vegna niðurlagningar á starfi liggi hjá stefnanda og sé bundinn við það starf sem hún gegndi við niðurlagningu á starfi hennar hjá Flugmálastjórn Íslands í árslok 2006.

Það liggi fyrir í málinu og sé óumdeilt að þegar starf stefnanda hjá Flugmálastjórn Íslands var lagt niður hafi hún verið fastráðinn starfsmaður í 65% starfshlutfalli. Sjóðsaðild stefnanda byggist á því að það starf hafi verið lagt niður. Það hvort stefnandi vinni önnur störf og í hvaða starfshlutfalli það kunni að vera gert hafi ekki áhrif á réttinn til áframhaldandi aðildar að B-deild stefnda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997.

Sýknukrafa stefnda byggist fyrst og fremst á því að stefnandi eigi persónulegan rétt til að greiða áfram til B-deildar stefnda á grundvelli þess starfs sem lagt hafi verið niður. Stefndi telur að það að tekjur stefnanda hafi hækkað, og að þar með beri að greiða hærri iðgjöld í lífeyrissjóð á grundvelli lagaskyldu eða samninga sem stefnandi kunni að hafa gert við síðari laungreiðendum, varði ekki rétt hennar til aðildar og greiðslu iðgjalda til B-deildar sjóðsins, sem byggist á áður nefndri 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997.

Þá sé stefndi ekki aðili að samningum á milli Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Flugstoða ohf., sem stefnandi vísar til, og hafi ekki komið að gerð framangreinds upplýsingabréfs frá 29. nóvember 2006 eða yfirlýsingar Flugstoða ohf. sama dag um viðurkenningu á réttarstöðu starfsmanna. Framangreindir samningar eða yfirlýsingar geti því ekki á nokkurn hátt orðið skuldbindandi fyrir stefnda.

Um stefnda gildi lög nr. 1/1997 og sjóðurinn sé því skuldbundinn að lögum til að tryggja að ákvæðum sem um hann gildi sé fylgt eftir í framkvæmd. Þeim lögbundnu réttindum og skyldum sem kveðið sé á um í lögnum verði ekki breytt með samningum og enn síður samningum sem hinn lífeyrissjóðurinn hafi enga aðkomu að.

### *3. Helstu málsástæður stefnda Isavia ANS ehf.*

Stefndi Isavia ANS ehf. vísar til þess að ágreiningur stefnanda sé fyrst og fremst við meðstefnda, Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Hið stefnda félag telji málið fyrst og fremst snúast um afstöðu meðstefnda. Stefndi Isavia ANS ehf. sé hlutlaus um sakarefnið og kröfugerð félagsins sé í samræmi við það.

Stefndi Isavia ANS ehf. vísar til þess að félagið hafi ekki gert neinn ágreining um lífeyrissjóðsgreiðslur vegna stefnanda en kveður félaginu ekki hafa verið heimilt að greiða í B-deild meðstefnda vegna reglna lífeyrissjóðsins. Þá telji hið stefnda félag fullan vafa leika á því hvort kröfugerð stefnanda á hendur meðstefnda, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, fái staðist. Jafnframt telur stefndi Isavia ANS ehf. vafa leika á því að nauðsynlegt hafi verið að stefna félaginu, nema eftir atvikum til réttargæslu.

Með vísan til framangreinds telur stefndi Isavia ANS ehf. að sýkna beri félagið af málskostnaðarkröfu stefnanda og taka til greina málskostnaðarkröfu félagsins á hendur stefnanda.

### III

#### 1.

Stefnandi krefst í máli þessu að viðurkenndur verði réttur hennar til aðildar að B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá og með 1. júní 2011 og að greitt verði af launum hennar í sjóðinn miðað við 100% starfshlutfall hennar frá þeim tíma.

Stefnandi reisir kröfu sína á ákvæðum 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og einnig á loforðum sem gefin voru starfsmönnum Flugmálastjórnar Íslands um áframhaldandi aðild að B-deild sjóðsins þegar stofnunin var lögð niður hinn 31. desember 2006 og starfsemi hennar færð yfir til Flugstoða ohf.

Stefndi Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins hafnar kröfum og lagarökum stefnanda. Telur lífeyrissjóðurinn að greiðslur í B-deild sjóðsins séu bundnar við starfshlutfall stefnanda, sem var 65% þegar starf hennar hjá Flugmálastjórn Íslands var lagt niður í árslok 2006. Síðari breytingar á starfshlutfalli hennar geti ekki fallið undir ákvæði 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997. Réttur stefnanda til áframhaldandi ávinnslu í B-deild lífeyrissjóðsins vegna niðurlagningar á starfi hennar sé m.ö.o. bundinn við það starf og starfshlutfall sem hún gegndi við niðurlagninguna.

Þegar starf stefnanda hjá Flugmálastjórn Íslands var lagt niður í árslok 2006 og fært til Flugstoða ohf. var starfshlutfall stefnanda 65%. Stefnandi gegndi áfram starfi sínu sem flugumferðarstjóri hjá Flugstoðum ohf. í sama starfshlutfalli og áður og allt til 1. júní 2011, þegar starf stefnanda var flutt yfir til Isavia ohf., nú Isavia ASN ehf., en þá jók stefnandi starfshlutfall sitt í 100% sem hefur verið starfshlutfall hennar frá þeim tíma og til dagsins í dag. Engu að síður hefur stefnandi greitt af sama starfshlutfalli til B-deildar sjóðsins til dagsins í dag, þ.e. 65%.

#### 2.

Í 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. laga nr. 167/2006, er sérákvæði um réttarstöðu sjóðfélaga þegar staða þeirra eða starf er lagt niður. Samkvæmt ákvæðinu á sjóðfélagi þá „rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð eru við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.“

Í athugasemdum um 7. gr. í frumvarpi að lögum nr. 167/2006, segir að:

„Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var

lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.“

Ákvæði 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 er síðan útfært nánar í samþykktum lífeyrissjóðsins.

### 3.

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 1/1997 fer stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins með yfirstjórn lífeyrissjóðsins. Skal stjórn sjóðsins setja sjóðnum samþykktir í samræmi við ákvæði laga nr. 1/1997 og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Núgildandi samþykktir lífeyrissjóðsins, sem gerðar voru á grundvelli laga nr. 1/1997, voru samþykktar í stjórn sjóðsins 19. desember 2018.

Í II. kafla samþykktanna um sjóðsaðild kemur fram í grein 16.e að sé staða eða starf sjóðfélaga lagt niður eigi hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins, í sama hlutfalli og heildariðgjöld sjóðfélaga eru á hverjum tíma, með þeim hætti sem um ræðir í 3. mgr. 24. gr. samþykktanna.

Í ákvæði 3. mgr. 24. gr. samþykktanna, sem er að finna í IV. kafla þeirra um iðgjöld til B-deildar, segir að gjaldstofn fyrir iðgjald þeirra sem fengið hafa heimild til áframhaldandi aðildar að sjóðnum vegna niðurlagningar á stöðu eða starfi skv. grein 16.e skuli vera þau laun sem hann hafði og greitt var af þegar staða hans var lögð niður eða eftir atvikum þegar biðlaunagreiðslum lýkur. Eftir það taki þau laun breytingum til samræmis við meðalbreytingar sem verða á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 75. gr. samþykktanna.

### 4.

Samkvæmt orðum ákvæðis 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 með síðari breytingum og athugasemdum um 7. gr. laga nr. 167/2006 um breyting á þeim lögum, svo og með vísan til samþykpta lífeyrissjóðsins telur dómurinn ljóst að í þeim tilvikum þegar staða sjóðfélaga sem greitt hefur í B-deild lífeyrissjóðsins er lögð niður skuli áframhaldandi iðgjaldagreiðslur í sjóðinn miðast við þau laun sem sjóðfélagi hafði og greitt var af í sjóðinn þegar staða hans var lögð niður.

Starf stefnanda var lagt niður í skilningi 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997 þegar það var fært til Flugstoða ohf. í árslok 2006. Eftir það greiddi hún iðgjöld í B-deild lífeyrissjóðsins í samræmi við ákvæðið og miðað við það starf sem hún gegndi áður hjá Flugmálastjórn Íslands. Verður því að hafna þeirri málsástæðu stefnanda að hún eigi rétt á að greiða iðgjald til B-deildar sjóðsins miðað við starfshlutfall hennar á hverjum tíma og þar með eftir að hún jók starfshlutfall sitt úr 65% í 100% þegar það starf sem hún gegndi fluttist yfir til Isavia ohf., í júní árið 2011.

Um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins gilda lög nr. 1/1997. Samkomulag á milli Félags íslenskra flugumferðarstjóra og Flugstoða ohf. frá 3. janúar 2007, þar sem Flugstoðir ohf. skuldbinda sig til að tryggja félagsmönnum sínum rétt sem kann að vera í andstöðu við lögina og samþykktir sjóðsins hafa því ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins. Auk þess er ljóst að sjóðurinn átt enga aðild að umræddu samkomulagi og kom ekki að gerð upplýsingabréfs sem félagið sendi starfsmönnum sínum 29. nóvember 2006 um ætlaða réttarstöðu þeirra. Er ljóst að lögbundum réttindum og skyldum samkvæmt lögum nr. 1/1997 verður ekki breytt með samningum á milli þriðju aðila og án aðkomu lífeyrissjóðsins.

Þá verður ekki heldur fallist á þá staðhæfingu stefnanda að skýringar sem komu fram í svari starfsmanns lífeyrissjóðsins við tölvuskeyti frá lögmanni stefnanda hinn 17. nóvember 2020 hafi lotið að túlkun 2. mgr. 30. gr. laga nr. 1/1997, enda var fyrirspurn lögmannsins almenn og ekki afmörkuð við niðurlagningu á stöðu starfsmanns skv. ákvæði 2. mgr. 30. gr. laganna.

Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða dómsins að sýkna skuli stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður á milli aðila falli niður.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndu, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Isavia ANS ehf., eru sýknir af kröfum stefnanda, Jónu Sigríðar Einarsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Ragnheiður Snorradóttir